

225 styrkjum samkvæmt fyrirmælum 4. gr., eftir að vextir af sjóðnum falla til útborg-
30. des. unar. Einnig skal stjórnin annast reikningshald sjóðsins.

6. gr.

Sjóðurinn skal vera undir opinberu eftirliti og reikningar hans birtast í Stjórn-
artíðindum, eða öðru því riti, er birtir efnahagsyfirlit opinberra sjóða.

7. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

226

31. des.

AUGLÝSING

um breyting á reglum um áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda fyrir
slysatryggingar, nr. 222 21. febrúar 1939.

1. gr.

Iðgjöld til iðntryggingarinnar skulu frá 1. janúar 1942 hækka um 80% frá því
sem þau voru ákveðin í reglum nr. 222 21. febrúar 1939.

2. gr.

Iðgjöld til sjómannatryggingarinnar samkvæmt 7., 8. og 9. áhættuflokki skulu
vera kr. 5,00 fyrir hvern mann á viku frá og með 1. janúar 1942. Auk þess skal
krafið sérstakt aukaiðgjald, kr. 60.00, fyrir hvern sjómann á skipum, er sigla milli
landa, fyrir hverja ferð.

Iðgjöld kafara og manna, sem stunda sjófluglaveiðar, skulu vera kr. 5.40 á viku
frá 1. janúar 1942.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt 2. kafla laga nr. 74 31. desember
1937, um alþýðutryggingar, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að
að máli.

Jafnframt falla úr gildi auglýsingar um sama efni frá 27. desember 1940 og
31. marz 1941.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1941.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

227

31. des.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Austur-Húnavatnssýslu,
nr. 150 31. ágúst 1940.

1. gr.

1. grein gjaldskrárinnar orðist þannig:

Rafveita Austur-Húnavatnssýslu selur raforku á þann hátt og við því verði, er
hér segir:

- a. Um hemil fyrir kr. 200.00 hvert kílóvatt um árið. Rafveitan selur eigi minna
afl um hemil en $\frac{1}{2}$ kílóvatt.